

» Grátbólgin grenjum við og görgum hás á sjónvarpið. 36



Updike Kominn aftur í Harvard.

Harvard varðveitir Updike

HARVARDHÁSKÓLI í Boston hefur fengið til varðveislu öll handrit, sendibréf og önnur gögn stórskáldsins Johns Updike. Updike lést í janúar á þessu ári, 76 ára að aldri, en hann var á sínum tíma nemandi í skólanum. Í frétt Boston Globe segir að Houghton-bókasafnið í Harvard muni hýsa gögn skáldsins, en bókasafnið geymir fjölda verðmætra og sjaldgæfra bóka og handrita. Ekki hefur verið opinberað hversu háa upphæð Harvardháskóli þurfti að reida fram fyrir gögnin.

Leslie Morris, safnstjóri í Houghton safninu segir að gögnin frá Updike telji 1500 bækur og að þar á meðal séu eigin verk skáldsins auk bóka sem hann hafði fjallað um á opinberum vettvangi, ljósmyndir og sendibréf. Þar með talin eru bréfaskipti skáldsins við kollega sína Kurt Vonnegut, Joyce Carol Oates og fleiri. John Updike hlaut tvívegis Pulitzer verðlaunin. Í fyrra skiptið árið 1982 fyrir skáldsöguna *Rabbit Is Rich*, og svo árið 1991 fyrir sögu úr sama bókaflokki, *Rabbit At Rest*.

LEIÐRÉTT

Brúðarræningi

Einn stafur gleymdist í smáfrétt í blaðinu í gær um nafnbreytingu á verki sem sýnt er í Landnámssetrinu. Verkið heitir Brúðarræninginn en ekki Brúðarræninginn eins og þar stóð. Beðist er velvirðingar á þessu.

Umhverfið

Mörgæsirnar og hlýnun jarðar

YVON le Maho flytur fyrirlesturinn „Hvernig takast mörgæsir á við umhverfisógnanir og loftslagsbreytingar?“ í Alliance Française, Tryggvagötu 8, í kvöld kl. 20. Mörg ykkar sáuð eflaust hina gríðarvinsælu kvikmynd *Ferðalag keisara-mörgæsanna* sem sýnd var fyrir nokkrum árum.

Konungsmörgæsirnar eru í alvarlegri hættu ef hitastig yfirborðs sjávar hækkar örlítið, jafnvel innan við hálfa gráðu. Þetta uppgötvaði vísindaleiðangur Yvons le Maho nýlega, og því er það forvitnilegt fyrir allt áhuga-fólk um umhverfismál og hlýnun jarðar að hlusta á fyrirlestur hans í Alliance Française.



Yvon le Maho

Hönnun

Hvar mætast hönnun og list?

HVAR mætast list og hönnun? Þetta er umfjöllunarefni sem tekið verður fyrir á málþingi sem Hönnunarmiðstöð Íslands stendur fyrir í Hafnarhúsinu í kvöld kl. 20 í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur. Framsögumenn eru Andrea Maack myndlistarmaður, Þorvaldur Þorsteinsson myndlistarmaður og rithöfundur, Guðmundur Oddur Magnússon prófessor í grafískri hönnun við LHÍ og Margrét Elísabet Ólafsdóttir fagurfræðingur. Umræður að erindum loknum. Fyrirlesturinn er hluti af sameiginlegri, mánaðarlegri dagskrá sem Hönnunarmiðstöð Íslands og Listasafn Reykjavíkur standa fyrir.



Andrea Maack

Myndlist

Fjórar kynslóðir þræða þræði

Í DAG kl. 18 verða tvær sýningar opnaðar í Listasafni Árneseinga í Hveragerði. Á sýningunni Þræddir þræðir eru verk eftir Ásgerði Búadóttur, Hildi Hákonardóttur, Guðrúnu Gunnarsdóttur og Hildi Bjarnadóttur. Þar er þræðurinn skoðaður sem vettvangur átaka, og ímyndir þræðarins birtast á ólíkan hátt hjá fjórum kynslóðum. Sýningin Einu sinnu er, kemur frá Handverki og hönnun. Tólf einstaklingar voru valdir og hver þeirra valdi sér samstarfsaðila. Þema sýningarinnar er „gamalt og nýtt“ og á sýningunni má sjá fjölda nýrra og áhugaverðra nytjahluta unnum af þörunum tólf.



Ásgerður Búadóttir

Guðmundur Brynjólfsson hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin

Er á réttri braut

Eftir Bergþóru Jónsdóttur begga@mbl.is

„Það er geysilegur heiður að fá þessi verðlaun og staðfesting á því að ég er á réttri braut,“ segir Guðmundur Brynjólfsson, en í gær hlaut hann Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir unglingasöguna *Þvílík vika*. Þetta er fyrsta skáldsaga Guðmundar en hann hefur áður hlotið viðurkenningar fyrir smásögur og leikrit. Guðmundur er í senn bókmennta- og leikhúsfræðingur.

Frumraun í bókarskrifum

„Tvö leikrit sem ég er meðhöfundur að eru núna á fjöllum; *Brúðarræninginn* – *Tuttugu og eins manns saknað*, í Borgarnesi og *Horn á höfði* í Grindavík. *Þvílík vika* er frumfraun mín í bókarskrifum og ég tel líklegt að ég reyni að fylgja því eftir með frekari skrifum. Núna er ég með smásagnasafn undir, en vegna þess hvað bókinn fékk góðar viðtökur og þessi verðlaun, getur vel verið að ég komi með eitthvað á svipudum nótum aftur.“

Guðmundur svarar fljótt með ákveðnu „jái“, spurður um það hvort það hefði strax legið beint við að



Ég sagði frá því þá að ég væri með hugmynd að unglingabók, og þá var mér bent á að það vantaði alltaf bækur fyrir unglinga, sérstaklega fyrir þann aldur sem ég skrifaði um; unglinga sem eru að klára tíunda bekk.“

Spurður um hvort leiklistin og bókmenntirnar séu auðtengdar, segir Guðmundur svo vera; – í það minnsta í hans tilfelli. „Ég kem úr fræðilega geiranum inn í leiklistina og sé ég leikrit sem bókmenntir. Við Bergur Þór Ingólfsson leikari höfum unnið saman og skrifað fyrir Gral leikhúsið í Grindavík, og þá er það oft Bergur sem þarf að slá á fingurna á mér til þess að ná því leikræna betur fram. Ég fer hins vegar á flug bókmenntalega. Mér finnst þetta vera það sama á sinn hátt, þótt það sé það auðvitað ekki.“



Morgunblaðið/Kristinn

Þvílík vika „Það kom af sjálfu sér að skrifa unglingabók,“ sagði Guðmundur Brynjólfsson, sem hér sést taka við verðlaununum úr hendi Sigbrúðar Gunnarsdóttur í gær, fyrir bókina *Þvílík vika*.

Þvílík vika

Þvílík vika er unglingasaga úr sam-tímanum. Þrír vinir eru að ljúka grunnskóla og ætla að fagna því rækilega. En margt getur breyst á einni viku og ýmislegt farið öðruvísi en ætlað er. Vaka Helgafell gefur bókina út. Guðmundur Brynjólfsson sigr-

aði á síðasta ári í samkeppni um draugasmásögu fyrir börn með sögu sinni *At?* Árið 2006 hreppti leikrit hans *Net*, 2. sæti í handritasamkeppni Borgarleikhússins og leikritið *21 manns saknað*, var tilnefnt til Grímuverðlaunanna fyrr á árinu.



Verðlaunahönnun Hús sem Erla Dögg og Tryggvi, eiginmaður hennar, hafa hannað fyrir Baja í Mexíkó.

Í hópi 40 bestu arkitekta í Evrópu undir fertugu

ERLA Dögg Ingjaldsdóttir, sem rekur arkitektastofuna Minarc í Santa Monica í Kaliforníu ásamt Tryggva Þorsteinssyni, eiginmanni sínum, er einn þeirra arkitekta sem hljóta eftirsóttu viðurkenningu þar sem valdir eru 40 bestu arkitektar Evrópu undir fertugu. Stofnun sem nefnist The European Centre for Architecture Art Design and Urban Studies valdi arkitekta og iðnhönnuði frá 19 löndum að þessu sinni og



Erla Dögg Ingjaldsdóttir

mun þetta vera í fyrsta sinn sem íslenskur arkitekt verður fyrir valinu.

„Mjög margir voru tilnefndir og þeir völdu í raun 60 arkitekta, iðnhönnuði og borgarhönnuði, en það er vegna þess að stundum eru margir á sömu stofunni,“ segir Erla Dögg.

„Valferlið var afar erfitt að þessu sinni,“ segir Ioannis Karalias, einn dómara, en hann starfar hjá The Chicago Athenaeum. „Það var eiginlega ómögulegt að þrengja hópinn enn frekar, verkefnin sem okkur voru sýnd reyndust svo góð.“

„Mér dauðbrá þegar við unnum þetta,“ segir Erla Dögg. „Þetta er fyrir það sem við höfum gert og það sem okkur langar að gera, hvernig við viljum breyta byggingatækni, en

við höfum unnið að því í mörg ár.“

Sýning á þeim verkefnum sem hljóta viðurkenningu stendur nú yfir í Grikklandi og í nóvember verður hún opnuð í Flórens. Þar taka arkitektarnir og hönnuðirnir við viðurkenningum sínum.

„Að sjálfsögðu er þetta klapp á bakið. Ég veit að þetta er mjög virt viðurkenning í Evrópu en hvort þetta breytir einhverju fyrir okkur verður að koma í ljós.“

Við höfum verið mjög heppin.

Fólki hefur líkað það sem við gerum,“ segir Erla Dögg.

Minarc er með verkefni, í Mexíkó, Nígíríu, á Miami – og á Íslandi, en það hefur nær allt stoppað þar í bili,“ segir hún. *efi@mbl.is*


Gott að yfirgefa stundum borgina

Bragi Ólafsson, Gyrðir Elíasson og Óskar Árni lesa upp í Stykkishólmi

LJÓÐSKÁLDIN og rithöfundararnir Gyrðir Elíasson, Bragi Ólafsson og Óskar Árni Óskarsson lesa úr verkum sínum í Amtsbókasafninu í Stykkishólmi klukkan 16.00 á laugardaginn kemur, 10. október. Uppllesturinn er samstarfsverkefni bókasafnsins og Vatnasafns, en þar hefur Óskar Árni verið gestahöfundur síðustu fimm mánuði.

„Gyrðir les úr sagnasafninu *Milli trjáanna* og ljóðabókinni *Nokkur almenn orð um kulnun sólar*, en báðar bækurnar koma út á morgun,“ segir Óskar Árni. „Bragi les úr handriti að nýrri skáldsögu, *Handritinu að kvikmynd Arnar Featherbys* og *Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu*, en hún kemur út á næsta ári. Sjálfur les ég úr nýrri þýðingu minni á skáldsögu Carsons McCullers, *The Ballad of the Sad Cafe*, eða *Kaffihúsi tregans* eins og ég kalla hana núna.“

Þegar Óskar Árni er spurður að því hvernig hafi gengið að vinna í gestaíbúðinni í Vatnasafni, þar sem verk Roni Horn eru á efri hæðinni, segir hann að sér hafi unnist mjög vel. „Enda verður maður að sitja við þegar maður er svona einn. En það



Morgunblaðið/Einar Falur

Óskar Árni Óskarsson Hann les úr nýrri þýðingu á sögu McCullers.

kemur eitthvað út úr þessu. Ég er með þýðinguna og líka drög að ljóðahandriti. Svo er gott að yfirgefa stundum borgina og allt það sem þar er í gangi.“

Hann segir alla velkomna á uppllestur þeirra þremmenninga á laugardaginn.

Íslenskir og erlendir rithöfundar og skáld hafa unnið til skiptis í Vatnasafni, en áður hafa dvalist þar þær Guðrún Eva Mínervudóttir, Rebecca Solnit og Anne Carson.